



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

hreint & klárt



Frá ráðherra

Hreint & klárt, vefrit umhverfisráðuneytisins, hefur göngu sína með þessu tölublaði og mér er það sérstök ánægja að geta hafð útgáfuna á Degi umhverfisins. Hann er ekki síst ætlaður til að vekja upp umræður um umhverfismál, efla umfjöllun um þau og auka áhuga fólks á þessum brýna málaflokki.

Vefritið sem nú sér dagsins ljós í fyrsta sinn hefur að verulegu leyti sama tilgang. Mér er það ekkert launungarmál að á stundum hefur mér þótt sem umræður um málaflokkinn mættu vera bæði meiri og vandaðri. Það er margt afar jákvætt að gerast í umhverfismálum hér á landi en opinber umræða beinist því miður af og til í aðrar áttir. Ég vona að Hreint & klárt verði ofurlítið lóð á þær vogarskálar að efla og bæta umræðu um umhverfismál. Að lokum óska ég öllum til hamingju með Dag umhverfisins.

Sigríður A. Þórðardóttir

UMHVERFISRÁÐHERRA.

25. APRÍL 2006



Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra ásamt fulltrúum Línuhönnunar við afhendingu Kuðungsins, umhverfisviðurkenningar umhverfisráðuneytisins. Fulltrúar Línuhönnunar eru Guðmundur Þorbjörnsson, Ríkhartur Kristjánsson, Sigurður Ragnarsson, Helga Jóhanna Bjarnadóttir og Helgi Þór Ingason.

Línuhönnun veitt umhverfisviðurkenning umhverfisráðuneytisins á Degi umhverfisins



SIGRÍÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR umhverfisráðherra veitti í dag, á Degi umhverfisins, Verkfræði- og ráðgjafarfirmatækinu Línuhönnun hf. umhverfisviðurkenningu umhverfisráðuneytisins, Kuðunginn. Dagur umhverfisins er nú haldinn í áttunda sinn og að þessu sinni tileinkaður endurnýtingu og úrvinnslumálum. Sveitarfélög, skólar og allur almenn-ingur hafa verið hvött til þess að huga sérstaklega að umhverfismálum í dag.

Dagur umhverfisins er fyrst og fremst hugsaður sem tækifæri fyrir stjórnvöld, skóla, félagasamtök og fjölmörg til að efla opinbera umræðu um umhverfismál. Deginum er einnig ætlað að vera vettvangur fyrir fræðslu um umhverfismál og hvatning til almennings til að kynna sér tengslin milli daglegs lífs og umhverfismála.

Framlag til umhverfismála

Kuðungurinn er veittur fyrirtækjum fyrir framlag þeirra til umhverfismála á liðnu ári. Viðurkenningin var fyrst veitt árið 1994 og þá fengu þrjú fyrirtæki viðurkenningu; Gámaþjónustan, Kjötverksmiðjan Goði og Umbúðastöðin.

Umhverfisráðherra skipar sérstaka úthlutunarnefnd árlega sem auglýsir eftir tilnefningum um fyrirtæki, sem vegna verka sinna og athafna er talið þess verðugt að hljóta Kuðunginn fyrir liðið ár. Nefndin fer yfir tilnefningarnar og heimsækir þau fyrirtæki sem hún telur helst koma til greina og sendir síðan tillögur sínar til ráðherra með rökstuðningi. Fulltrúar í nefndinni eru þrír, einn tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, annar af Samtökum atvinnulífsins og þann þriðja skipar umhverfisráð-

herra án tilnefningar.

Verðlaunagripurinn er að sjálfsögðu kuðungur og er nýr hannaður ár hvert af nýjum listamanni. Það er Ólöf Erla Bjarnadóttir leirlistamaður sem hannaði Kuðunginn að þessu sinni. Kuðungshafinn fær auk þess, í eitt ár frá því að Kuðungurinn er veittur, að nota sérstakt merki sem listamaðurinn Kristín Þorkeldsdóttir hannaði.

Af hverju 25. apríl?

Dagur umhverfisins var valinn 25. apríl vegna þess að þennan dag árið 1762 fæddist Sveinn Pálsson, fyrsti íslenski náttúrufræðingurinn. Sveinn stundaði nám í náttúrufræðum og læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla og lauk prófi í náttúrufræðum 1791, fyrstur Íslendinga. Hann var enn fremur fyrstur til þess að stunda skipulegar náttúrufræðirannsóknir hér á landi. Sveinn Pálsson gegndi einnig embætti landlæknis en það er áhugaverð staðreynd því heilbrigðismál og umhverfismál tengjast æ meir í umræðunni. Við höfum lengi þekkt heilsuspillandi áhrif mengunar en nú er líka mikið rætt um lækningamátt náttúrunnar. Umhverfisráðuneytið hélt í fyrra alþjóðlega ráðstefnu um útivist og náttúruvernd og er talið að útivist í guðsgrænni náttúrunni geti verið mikil heilsuþót fyrir líkama og sál.

Stærsta brunavarna- átak síðustu áratuga

UMHVERFISRÁÐHERRA HEFUR ÁKVEÐIÐ að heimila Brunamálastofnun að verja 100 milljónum króna á þessu ári til þess að efla eldvarnir og viðbrögð við mengunarslysum um allt land. Að sögn Björns Karlssonar brunamálastjóra er hér um að ræða stærsta einstaka átakið til að efla eldvarnir í landinu um áratugaskeið.

Fénu verður varið til kaupa á búnaði og til að styrkja eldvarnaeftirlit í samráði við slökkviliðin í landinu. Skilyrt er að slökkviliðin eigi og reki búnaðinn í sameiningu á vissum landsvæðum.

Gert er ráð fyrir að fénu verði varið til kaupa á:

- Lágmarksbúnaði vegna viðbragða við mengunarslysum sem settur verður upp víða um land og vistaður í kerrum sem einfalt er að flytja milli slökkviliða.
- Búnaði til að efla þjálfun í slökkvistörfum og reykköfum, þá fyrst og fremst reykköfunartæki og loftbanka, sem slökkviliðin á ákveðnum landsvæðum munu eiga í sameiningu.
- Búnaði til að styrkja eldvarnaeftirlit í samvinnu sveitarfélaga en gert er ráð fyrir kaupum á tölvubúnaði og gagnagrunnhugbúnaði vegna eldvarnaeftirlits.
- Búnaði vegna viðbragða við stórum mengunarslysum á landi, sem verður geymdur hjá slökkviliðunum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri en búnaðinn má flytja hvert á land sem er með skömmum fyrirvara.

ÁTAKIÐ VAR HELSTA umfjöllunarefnið á ráðstefnu slökkviliðsstjóra sem Brunamálastofnun hélt í mars síðastliðnum. Á ráðstefnunni skiptu slökkviliðsstjórar landsins sér niður í vinnuhópa eftir landsvæðum, ræddu ofangreindar tillögur og lögðu fram athugasemdir og ráðleggingar um nánari ákvarðanir um samsetningu búnaðarins og sameiginlegs rekstrar hans.

Björn Karlsson, brunamálastjóri, segir að eindregin niðurstaða af ráðstefnu slökkviliðsstjórnanna hafi orðið til þess að Ríkiskaup hafi þegar byrjað undirbúning útboðs á Evrópska efnahagssvæðinu. Hann vonar að unnt verði að ganga frá útboðsgögnum á næstu mánuðum svo hægt verði að ráðast í kaup á búnaðinum og koma honum í notkun sem fyrst.

► www.brunamal.is



Dr. Björn Karlsson, brunamálastjóri.



Sigriður Anna Þórðardóttir umhverfissráðherra lagði á málþingi um svifryksmengun áherslu á mikilvægi þess að dregið yrði úr menguninni. Með ráðherra á myndinni er Davíð Egilson forstjóri Umhverfisstofnunar sem stýrði málþinginu.

Þvottur gatna dregur úr svifryki en nagladekkjabann er óraunhæft

SIGRIÐUR ANNA ÞÓRÐARDÓTTIR umhverfissráðherra sagði á málþingi um svifryksmengun í Reykjavík, sem fram fór mánudaginn 24. apríl, að meðal raunhæfra aðgerða gegn svifryksmengun væri að þvo götur í þéttbýli. Málþingið fór fram í gær og var til þess boðað af nefnd umhverfissráðuneytisins um svifryksmengun. Í ræðu ráðherra kom fram að andrúmsloftið hér á landi hafi almennt farið batnandi á síðustu árum og vísaði í því sambandi meðal annars til upplýsinga sem fram koma í ritinu Tölulegum vísendingum sem umhverfissráðuneytið gaf út síðast liðið haust. „Þrátt fyrir þetta þurfum við að taka á einstökum þáttum og það málefni sem hér er til umræðu í dag, þ.e. svifryksmengun í þéttbýli, er þar ofarlega á blaði. Almennur lætur sig þessi mál skipta, enda hefur svifryksmengun bein áhrif á heilsufar og vellíðan fólks og snertir þar með alla landsmenn, sérstaklega þá sem búa í þéttbýli,“ sagði umhverfissráðherra.

Æskilegt að dregið verði úr notkun nagladekkja

Í MÁLI RÁÐHERRA kom ennfremur fram að samkvæmt rannsókn á samsetningu svifryks í Reykjavík sé riflega helmingur þess malbiksagnir og fjórðungur jarðvegsagnir. Nagladekkin séu áhyggjuefni í þessu sambandi og ljóst að þau slíti malbikinu hraðar en venjuleg dekk. „Æskilegt væri þess vegna að fólk drægi úr notkun þeirra og full ástæða að

hvetja til þess. Ég sé hins vegar ekki fyrir mér að raunhæft geti verið að banna notkun nagladekkja eins og stundum hefur verið rætt enda eru nagladekkin nauðsynlegt öryggisatæki þegar ekið er um landið að vetrarlagi. Meðal aðgerða sem ég tel að gætu verið raunhæfur kostur til að draga úr svifryksmengun í þéttbýli eru hreinsun gatna og stýring umferðar. Lítið hefur verið gert af því að þvo götur hér á landi, en ástæða er til að ætla að með því að bæta úr þessu og hreinsa reglulega helstu umferðaræðar megi draga talsvert úr svifryksmengun,“ sagði umhverfissráðherra, og bætti við að með raunhæfu átaki gegn svifryksmengun samhliða frekari rannsóknum ætti að vera hægt að stórbæta loftgæði í þéttbýli hér á landi.

Tillögur væntanlegar


INGIMAR SIGURÐSSON SKRIFSTOFUSTJÓRI í umhverfissráðuneytinu var á meðal ráðumanna á málþinginu. Tók hann undir með ráðherra um mögulegar aðgerðir gegn svifryksmengun en bætti við að meðal þess sem unnt væri að gera til að draga úr svifryksmenguninni væri að setja sótsiur á díselbifreiðar. Nefndi hann sérstaklega gamla strætisvagna í því sambandi. Ingimar sagði að nefndin mundi fara nánar yfir málið í framhaldi af málþinginu og skila tillögum sínum um mögulegar aðgerðir gegn svifryksmengun til umhverfissráðherra.



Þróun útstreymis þrávirkra lífræna efna í andrúmsloft

UMHVERFISSTOFNUN TÓK ÁRIÐ 2005 í fyrsta skipti saman upplýsingar um útstreymi þrávirkra lífræna efna í andrúmsloft, vegna athafna og starfsemi á Íslandi á tímabilinu 1990 til 2003. Helstu uppsprettur díoxíns og PAH4 voru metnar.





Útstreymi díoxíns frá 1990 til 2003




Línuritíð að ofan sýnir þróun í útstreymi díoxíns frá árinu 1990 til 2003. Heildarútstreymi hefur

minnkað úr rúmum 10 g I-TEQ árið 1990 í tæp 3 g árið 2003. Eins og sést á myndinni er minnkunin að langmestu leyti tilkomin vegna minna útstreymi díoxíns frá sorpbrennslu. Frá 1990 hefur magn brennds úrgangs minnkað talsvert og eins hefur opinni brennslu úrgangs nú nánast verið útrýmt. Enn eru þó starfandi brennslustöðvar með lítilli stýringu og litlum eða jafnvel engum mengunarvarnabúnaði og er díoxínútstreymi frá þessum brennslustöðvum talsvert. Rétt er að vekja athygli á því að þær tölur sem hér er stuðst við ná til ársins 2003 en árið 2005 hóf Sorpeyðingarstöð Suðurnesja rekstur nýrrar og fullkominnar sorpmóttöku og brennslustöðvar, Kólku. Við það hefur útstreymi díoxíns frá sorpbrennslustöðvum minnkað enn frekar.

Á næsta skifuriti má sjá skiptingu útstreymis díoxíns eftir greinum árið 2003. Það sem hér telst vera „annað“ er að langmestu leyti sorpbrennsla með varmanýtingu, en slíkt útstreymi er talið fram undir orkuöflun. Athyglisvert er að útstreymi díoxíns frá fiskiskipaflotanum er talsvert, en útstreymi díoxíns vegna eldsneytisbrennslu úti á sjó þar sem brennsluoftið inniheldur salt (klór), er mun meira en vegna eldsneytisbrennslu í landi.




Skipting díoxínútstreymis árið 2003 eftir helstu uppsprettum




Eins og sést á næsta línuriti hefur útstreymi PAH4 verið að aukast með árunum og tengist það aðallega aukinni framleiðslu áls og járnblendis. Útstreymi PAH4 hefur aukist úr tæpum 90 kg árið 1990 upp í tæp 200 kg árið 2003. Helstu uppsprettur PAH4 er að finna á skifuritinu fyrir neðan það.

Útstreymi PAH4 frá 1990 til 2003



Skipting PAH4-útstreymis árið 2003 eftir helstu uppsprettum



Útstreymi þrávirkra lífræna efna var einnig metið eftir staðsetningu. Kortin hér til vinstri sýna útstreymi díoxíns og PAH4 eftir staðsetningu á landinu annars vegar árið 1990 og hins vegar árið 2000. Á þeim er eingöngu tekið tillit til útstreymis sem verður á landi en ekki útstreymis sem á sér stað úti á sjó.



Ráðherra flutti setningarávarp á sýningunni Sumarið 2006 og skoðaði hana að því loknu.

Umhverfisfræðslutorg á sýningunni Sumarið 2006

UMHVERFISFRÆÐSLURÁÐ STÓÐ MEÐ stuðningi umhverfisráðuneytisins fyrir sérstöku Umhverfisfræðslutorgi á sýningunni Sumar 2006 sem haldin var um síðustu helgi. Markmiðið var að ná með beinum hætti til almennings og miðla til hans upplýsingum og fræðslu um umhverfismál.

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra flutti opunarávarp sýningarinnar og lýsti þar meðal annars ánægju sinni með að á sýningunni væri fylgt sérstakri umhverfisstefnu og að umhverfisvæna þjónustu og umhverfisvænar vörur væri að finna í mörgum sýningarbásanna.

Umhverfisfræðsluráð fékk frjáls félög og opin-

bera aðila á sviði umhverfisverndar til liðs við sig og mynduðu sýningarbásar þessara aðila Umhverfisfræðslutorgið. Þeir sem voru á torginu eru Garðyrkjufélag Íslands, Landvernd, Námsgagnastofnun, Náttúruskólinn í Reykjavík, Skógræktarfélag Íslands, Staðardagskrá 21, Fuglaverndarfélag Íslands, Umhverfisstofnun og Vistvernd í verki. Þessir aðilar kynntu nálgun sína við umhverfisfræðslu í glæsilegum básum. Sýndendur á Umhverfisfræðslutorginu sem rætt var við á sýningunni voru mjög ánægðir með framtakið og fjölda áhugasamra sýningargesta sem heimsóttu básana. Margir gestanna notuðu tækifærið og gengu í félögin.

Síðasta útgáfa Landmælinga?

Umhverfisráðherra tók við nýjum vegaatlas Landmælinga Íslands úr hendi Gunnars H. Kristinssonar sölustjóra LMÍ á 50 ára afmæli stofnunarinnar sem haldið var í síðustu viku. Við afhendinguna sagði Gunnar að vegaatlasinn nýji væri „líklega síðasta útgáfa Landmælinga Íslands“. Vísaði hann þar til frumvarps sem liggur fyrir Alþingi þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að stofnunin dragi sig út úr samkeppnisrekstri og hætti kortaútgáfu.



Vegaatlasinn er handhæg kortabók í gormi með nýjustu upplýsingum um vegi, vegalengdir og veganúmer. Kortin í bókinni eru í mælikvarðanum 1:200.000 en einnig er að finna mörg skemmtileg þemakort með ýmsum gagnlegum upplýsingum. Í atlasinum eru götukort af höfuðborgarsvæðinu og Akureyri og aftast er örnefnaskrá með um 15.000 örnefnum.

Breyttur markaður landupplýsinga

Eins og áður segir fagna Landmælingar Íslands 50 ára afmæli á þessu ári. Í ávarpi umhverfisráðherra í afmælishófi stofnunarinnar benti ráðherra á að breytt tækni og ýmsar aðstæður í þjóðfélaginu hefðu orðið til þess að breyta mjög starfsumhverfi Landmælinga og markaðnum fyrir landupplýsingar. „Af þeim sökum hef ég látið vinna frumvarp til nýrra laga á þessu sviði þar sem meðal annars er gert ráð fyrir að Landmælingar Íslands hætti starfsemi sem fellur undir samkeppnisrekstur.“

Molar...

Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra opnaði plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar á ársfundi stofnunarinnar hinn 8. apríl. Með plöntuvefsjóni er opnaður beinn aðgangur að gagnasöfnum Náttúrufræðistofnunar um plöntur og er viðmótið þægilegt og fljótvirkt. Plöntuvefsjain er tengd svonefndum staðreyndasíðum þar sem finna má margháttaðar upplýsingar um hverja plöntu, svo sem um búsvæði og notagildi auk lýsingar og ljósmynda. Plöntuvefsjain er fyrsta skrefið í þá átt að opna öll gagnasöfn stofnunarinnar á netinu, og er þess vænst að síðar á þessu ári verði opnuð fuglavefsjá og jafnvel smádrávefsjá.

► vefsja.ni.is/website/plontuvefsja



Eftir sinubrunann mikla á Mýrum fór Sigríður Anna Þórðardóttir umhverfisráðherra og skoðaði afleiðingar hans ásamt forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, sérfræðingum stofnunarinnar og fulltrúum heimamanna. Umhverfisráðherra hefur falið Náttúrufræðistofnun Íslands að rannsaka áhrif eldanna á lífríkið og mun stofnunin fylgjast náið með framvindu gróðurs og dýrlífs á svæðinu á næstu árum. Þá hefur ráðherra falið Brunamálastofnun að fjalla um mögulegar aðgerðir til að draga úr hættu vegna hugsanlegra sinuelda hér á landi.

Í tilefni af Degi umhverfisins gengst umhverfisráðuneytið fyrir spurningaleik á vefnum í samvinnu við Úrvinnslusjóð og Umhverfisstofnun. Spurningaleikinn er að finna á vefjum þessara aðila. Dagur umhverfisins er að þessu sinni tileinkaður endurnýtingu og úrvinnslu og eru spurningarnar á því sviði og sumar í léttum dúr. Öllum er heimil þátttaka í leiknum, en grunnskólanemendur hafa sérstaklega verið hvattir til að taka þátt. Veitt verða vegleg bókarverðlaun til þeirra sem vinna í spurningaleiknum. Ef margir verða jafnir og fremstir verður dregið úr bestu svörum.

► www.umhverfisraduneyti.is

©2006 Umhverfisráðuneytið, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík, sími 545 8600, bréfasími 5624566. Netfang: hreintogklart@umhverfisraduneyti.is
Notkun og endurbirting á efni vefrisins er öllum heimil nema annað sé fram tekið, en geta þarf heimilda. Umsjón: Ingibjörg Ólafsdóttir og Haraldur Johannessen. Ábyrgðarmaður: Magnús Jóhannesson. Veffang: www.umhverfisraduneyti.is/hreintogklart/